Nr. 45.
25.
nóvbr.

# Auglýsing

um

## gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og stjórnar sambandsríkja Ameríku.

Hin danska stjórn og stjórn Sambandsríkja Ameríku hafa 18. maí 1908 gjört með sjer svofeldan samning um skuldbundna gjörð og fullgilt hann í Washington 29. mars 1909.

Hans Hátign Danmerkur konungur og stjórn sambandsríkjanna í Ameríku, sem hafa ritað undir sáttmálann um friðsamlega miðlun á deilumálum ríkja á milli, er gjörður var í Haag 29. júlí 1899,

hafa fyrir þær sakir, að hinir hátignu samningsaðilar hafa í 19. grein þessa sáttmála áskilið sjer að gjöra samninga um að leggja í gjörð allan ágreining, sem þeir kynnu að álíta auðið að hafa þá meðferð á, gefið þeim, sem rita nöfn sín hjer undir, umboð til að gjöra samning þann, er hjer fer á eftir:

1. grein.

Ágreining, sem er af lagarótum runninn eða um skilning á gildandi samningum milli beggja samningsaðila, og ekki kynni að hafa verið auðið að miðla fyrir milligöngu erendreka þeirra, skal leggja undir úrskurð hins fasta gjörðardómstóls, sem settur er á stofn í Haag með sáttmála frá 29. júlí 1899, þó að því áskildu, að hann snerti ekki lífshagsmuni, sjálfstæði eða æru samningsríkjanna beggja nje heldur hagsmuni annara ríkja.

2. grein.

Áður en hinir hátignu samningsaðilar leita til hins fasta gjörðardómstóls, eiga þeir í hvert skifti um sig að semja sjerstaklega samþykt, þar sem skýrt er kveðið á um ágreiningsefnið, verksvið gjörðardómendanna, og fresti þá, sem ber að tiltaka um samkomu gjörðardómstólsins og hin ýmsu skeið málflutningsins.

Það er gjört ráð fyrir því, að slíkum sjerstaklegum samþyktum sje komið á fyrir Danmerkur hönd af konunginum með því sniði og þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg eða viðeigandi, og fyrir hönd sambandsríkjanna af forseta sambandsríkjanna fyrir og með ráði og samþykki öldungaráðsins.

Nr. 45. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og stjórnar sambandsríkja Ameríku.

# Bekendtgørelse

Nr. 45.
25.
Novbr.

om

## en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og de Amerikanske Forenede Staters Regering afsluttet Konvention om Voldgift.

Under 18. Maj 1908 er der mellem den danske og de Amerikanske Forenede Staters Regering afsluttet og under 29. Marts 1909 i Washington bleven ratificeret følgende Konvention om obligatorisk Voldgift:

Hans Majestæt Kongen af Danmark og de Amerikanske Forenede Staters Regering, der have undertegnet Konventionen angaaende fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder, afsluttet i Haag den 29. Juli 1899;

have, i Betragtning af, at de høje kontraherende Parter ved Artikel 19 i denne Konvention have forbeholdt sig at slutte Overenskomster med Hensyn til at henvise til Voldgift alle Spørgsmaal, som de maatte anse det for muligt at underkaste saadan Behandling, bemyndiget de Undertegnede til at afslutte følgende Overenskomst:

Artikel 1.

Tvistigheder, der maatte opstaa af retslig Natur eller angaaende Fortolkning af de mellem de to kontraherende Parter bestaaende Traktater, og som det ikke maatte have været muligt at ordne ad diplomatisk Vej, skulle henvises til den permanente Voldgiftsdomstol, oprettet i Haag ved Konvention af 29. Juli 1899, dog under den Forudsætning at de ikke angaar de to kontraherende Staters Livsinteresser, Uafhængighed eller Ære, og ikke vedrører andre Magters Interesser.

Artikel 2.

I hvert enkelt Tilfælde skulle de høje kontraherende Parter, før de henvende sig til den permanente Voldgiftsdomstol, afslutte en særlig Overenskomst, der klart bestemmer Stridens Genstand, Omfanget af Voldgiftsmændenes Myndighed og de Frister, der ville være at fastsætte for Voldgiftsrettens Sammentræden og Procedurens forskellige Trin.

Det forudsættes, at saadanne særlige Overenskomster ville blive trufne paa Danmarks Vegne af Kongen under saadanne Former og Betingelser, som han maatte finde nødvendige eller passende, og paa de Forenede Staters Vegne af Præsidenten for de Forenede Stater, ved og med Senatets Raad og Samtykke.

Nr. 45. Bekendtgørelse af 25. November om en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og de Amerikanske Forenede Staters Regering afsluttet Konvention om Voldgift.

Nr. 45.
25. nóvbr.

3. grein.

Samningur þessi er gjörður fyrir fimm ár frá þeim degi að telja, er skifst er á um fullgildingarnar.

4. grein.

Samning þennan skal fullgilda af Hans Hátign konunginum í Danmörku og af forsetanum fyrir sambandsríkjunum í Ameríku fyrir og með ráði og samþykki öldungaráðsins.

Um fullgildingarnar skal skifst á í Washington svo bráðlega sem auðið er, og samningurinn skal öðlast gildi þann dag, sem skifst er á um fullgildingarnar.

Gjört í borginni Washington í tveimur frumritum á danskri og enskri tungu 18. dag maímánaðar 1908.

(undirr.) **C. Brun** (L. S.) (undirr.) **Robert Bacon** (L. S.)

Jafnframt var skifst á í Washington brjefum, sem hljóða þannig í útleggingu:

Danska sendiherraembættið
Washington D. C.
18. maí 1908.

Herra stjórnarherra,

Um leið og jeg í dag rita undir ásamt yður, hágöfugi herra, gjörðarsamning milli Danmerkur og Bandaríkjanna, veitist mjer sú virðing eftir skipun frá stjórn minni að lýsa því yfir, að stjórn konungsins lítur svo á, að það beri undir hvorn um sig hinna hátignu samningsaðila, að skera úr því, hvort ágreiningur sá, sem kynni að hafa risið upp, varðar lífshagsmuni hans, sjálfstæði eða æru, og fyrir því er þess eðlis, að hann er í þeirri deilumálaröð, sem samkvæmt samningnum, 1. grein hans, er undanskilin skuldbundinni gjörð.

Þekkist, herra ráðherra o. s. fv.

(undirr.) **C. Brun.**

Til
hins hágöfuga
herra Elihu Root
ráðherra.

---

Stjórnarráðið
Washington 18. maí 1908.

Herra stjórnarherra,

Um leið og jeg í dag rita undir með yður gjörðarsamninginn milli Bandaríkjanna og Danmerkur, veitist mjer sú virðing að taka við brjefi yðar dagsettu í dag — og hef jeg sett á mig efni þess —, þar sem þjer lýsið því yfir, eftir skipun frá stjórn yðar, að hún líti svo á, að hvor um sig hinna hátignu samningsaðila eigi sjálfur að skera úr því, hvort deilumál þau, er kynnu að rísa upp, varða lífshagsmuni hans, sjálfstæði eða æru, og fyrir því eru þess eðlis, að þau eru í þeim málaflokki, sem samkvæmt 1. gr. samningsins er undanskilinn skuldbundinni gjörð.

Artikel 3.

Nærværende Overenskomst er afsluttet for et Tidsrum af 5 Aar at regne fra den Dag, Ratifikationen udveksles.

Artikel 4.

Nærværende Overenskomst skal ratificeres af Hans Majestæt Kongen af Danmark og af Præsidenten for de Amerikanske Forenede Stater, ved og med Senatets Raad og Samtykke.

Ratifikationerne skulle udveksles i Washington saa snart som muligt og Overenskomsten skal træde i Kraft paa den Dag, da Ratifikationerne udveksles.

Givet i Staden Washington i dobbelt Udfærdigelse i det Danske og Engelske Sprog den 18. Dag af Maj i Aaret 1908.

(sign.) **C. Brun** (L. S.) (sign. **Robert Bacon** (L. S.)

Samtidig udveksles i Washington Noter, der i Oversættetse lyder som følger:

Det danske Gesandtskab
Washington. D. C.
den 18de Maj 1908.

Herr Statssekretær,

Idet jeg idag med Deres Ekscellence undertegner en Voldgiftskonvention mellem Danmark og de Forenede Stater, har jeg den Ære efter Ordre fra min Regering at erklære, at den kongelige Regerings Opfattelse er, at det tilkommer hver af de høje kontraherende Parter at afgøre, om den Tvistighed, der maatte være opstaaet, angaar dens Livsinteresser, dens Uafhængighed eller dens Ære og følgelig er af den Beskaffenhed, at den er indbefattet blandt de Tvistigheder, som i Følge Konventionens første Artikel ere undtagne fra obligatorisk Voldgift.

Modtag Herr Statssekretær, o. s. v.

(undertegnet) **C. Brun.**

Til
Hans Ekscellence
Herr Elihu Root
Statssekretær.

---

Statsdepartementet,
Washington, den 18de Maj 1908.

Herr Minister,

Idet jeg i Dag med Dem undertegner Voldgiftskonventionen mellem de Forenede Stater og Danmark, har jeg den Ære at modtage og har mærket mig Indholdet af Deres Note af Dags Dato, der erklærer, efter Ordre af Deres Regering, at dennes Opfattelse er, at hver af de Høje kontraherende Parter selv skal afgøre, om de Tvistigheder, der maatte opstaa, angaa dens Livsinteresser, dens Uafhængighed eller dens Ære og derfor ere af den Beskaffenhed, at de ere indbefattede blandt dem, som i Følge Konventionens Artikel 1, ere undtagne fra obligatorisk Voldgift.

Nr. 45. Mjer veitist sú virðing að lýsa því yfir af minni hálfu, að stjórn Bandaríkjanna
25. lítur á málið á sama hátt sem þjer skýrið frá af hálfu stjórnar yðar, að það ber undir
nóvbr. hvorn málspart um sig að skera úr því, hvort deilumál þau, sem kynnu að rísa upp, varða lífshagsmuni hans, sjálfstæði eða æru, og fyrir því eru þess eðlis, að þau eru í þeim málaflokki, sem samkvæmt 1. grein samningsins er undanskilinn skuldbundinni gjörð.

Þekkist, herra stjórnarherra, o. s. fv.

(undirr.) **Robert Bacon.**
starfandi ráðherra.

Til
herra Constantin Brun,
dansks stjórnarherra.

Þetta gjörist hjermeð að gefnu tilefni öllum kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1912.**

***H. Hafstein.***

*Eggert Briem.*

Jeg har den Ære paa min Side at erklære, at de Forenede Staters Regerings Opfattelse er den, som De fremsætter paa Deres Regerings Vegne, at hver Part selv skal afgøre, om de Tvistigheder, der maatte opstaa, angaa dens Livsinteresser, dens Uafhængighed, eller dens Ære og derfor ere af den Beskaffenhed, at de ere indbefattede blandt dem, som i Følge Konventionens Artikel 1 ere undtagne fra obligatorisk Voldgift. Nr. 45. 25. Novbr.

Modtag, Herr Minister, etc.

(undertegnet) **Robert Bacon**
fungerende Statssekretær.

Til
Herr Constantin Brun,
Dansk Minister.

Hvilket paa dertil given Foranledning bringes til offentlig Kundskab.

**Islands Ministerium, den 25. November 1912.**

***H. Hafstein.***

*Eggert Briem.*